

**Nd.**

**27. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að greiða styrk úr landssjóði til viðgerðar á sjógarðinum fyrir Einarshafnarlandi og Óseyrarness í Arnessýslu.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að greiða úr landssjóði alt að 7000 krónum til þess að gera við sjógarðinn fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Óseyrarness í Arnessýslu, enda verði helmingur kostnaðar af verkinu greiddur annarsstaðar að og skal verkið framkvæmt undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Astæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Nóttina milli 19. og 20. jan. þ. á. spilti sjóflóð flóðgarði fyrir landi jarða þeirra, sem í frv. þessu greinir. Þar sem garður þessi er skilyrði þess, að sandgræðsla sú, er hafin hefir verið fyrir landsfje á landi því, er fyrir ofan garðinn liggur, og þar með að alt landið þar fyrir ofan varðveitist óskemt, ber brýna nauðsyn til þess, að sem allra fyrst verði gerð gangskör að viðgerð á garðinum. Yrði of seint að biða fjáráukalaga á reglulegu þingi i sumar til fjárveitingar í þessu skyni. Hins vegar þykir sjálfsagt, að landssjóður leggi fram styrk til framkvæmdar verkinu, þar sem bæði er hagsmunum landssjóðs (sand-

græðslunni) til að dreifa og nauðsyn á að vernda eitthvert frjósamasta svæði landsins (Flóa-áveitusvæðið) fyrir bráðum skemdum.

Við látum hjer fylgja ágríp af brjefi Búnaðarfjelagsins um málið, og skirskotum til þess.

### Fylgiskjal.

## BÚNAÐARFJELAG ÍSLANDS.

Reykjavík 18. des. 1916.

Nóttina milli 18. og 19. jan. þ. á. skemdi sjóflóð afarmikið sjávargarðinn fyrir Einarshafnarlandi á Eyrarbakka og sómuleiðis að miklum mun garðinn fyrir Óseyrarneslandi. Fyrir innan garð þennan liggur allmikið sandsvæði, sem tekið hefir verið til ræktunar af hinu opinbera. Sandgræðsla þessi var komin á góðan veg, en hefir mjög skemst af flóðinu. Er sandgræðsla þessi bráðnauðsynleg til að hefta sandfok á neðri hluta Breiðamýrar, og er óyfirsjáanlegt, hversu mikið tjón getur af hlotist fyrir landið þar upp frá og Flóaáveituna fyrirhuguðu, ef ekki tekst að hefta sandfokið þarna; en öllum kemur saman um, að það sje ómögulegt, nema sjógarðurinn sje hlaðinn aftur og gerður svo tryggur sem eftir atvikum er hægt.

Með brjefi, dags. 26. júlí þ. á., fór hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps og eigendur Einarshafnar þess á leit við búnaðarfjlagið, að það sendi verkfræðing til að skoða garðstæðið og gera áætlun um kostnað við að endurreisa garðinn og beiddist jafnframt styrks til þess verks, ekki minni en  $\frac{3}{8}$  kostnaðar;  $\frac{1}{8}$  kostnaðar væntu þeir frá sýslunefnd Árnassýslu, en hún hafði sett hámark styrksins 400 kr.

Með brjefi, dags. 2. ág. þ. á., báðum vjer Jón landsverkfræðing Þorláksson að skoða, eða láta aðstoðarverkfræðing sinn skoða, hinn umrædda garð og láta síðan búnaðarfjlagið fá álitserð um það, á hvern hátt ráðlegast sje að haga viðgerð garðsins og hvað hún muni kosta, og þær bendingar aðrar, sem ástæða þætti til.

Landsverkfræðingurinn varð vel við þessum tilmælum og sendi oss með brjefi, dags. 25. okt. þ. á., álitserð og uppdrátt frá Jóni aðstoðarverkfræðingi Ísleifssyni, sem hafði skoðað garðstæðið, og eru í þeim skjölum tillögur um gerð garðsins. Getur Jón Þorláksson þess, að Jón Ísleifsson hafi ekki treyst sjer fullkomlega til að gera kostnaðaráætlun, en hafi látið það í ljós við sig munnlega, að hann áliti að kostnaðurinn mundi ekki fara fram úr 7 kr. á stiku hverja eða 14000 kr. alls. Landsverkfræðingurinn kvaðst í aðalatriðunum geta fallist á tillögur Jóns Ísleifssonar um viðreisn garðsins, en hyggur að kostnaðaráætlunin sje fremur rifleg.

Með brjefi, dags. 13. nóv., skýrðum vjer oddvita Eyrarbyggahrepps og Einarshafnarverslun frá þessari niðurstöðu. Ljetum vjer þess getið, að vjer teldum viðreisn garðsins mikla nauðsyn, en þar sem búnaðarfjlagið hefði

engin tók til að veita til verksins styrk þann, er um hafði verið beðið, þá værum vjer fúsir til að leita til fjárveitingavaldsins um styrk til þessa verks, en áður en vjer gerðum það, óskuðum vjer yfirlýsingar Eyrarbakkahrepps og Einarshafnarverslunar um það, að hreppurinn og verslunin vildu taka að sjer helming kostnaðarins við verkið, ef hinn helmingurinn fengist annarsstaðar að.

Svar þeirra höfum vjer nú fengið, dags. 9. þ. m., en nýkomið hingað. Í því brjefi segir svo:

»Vjer viljum taka það fram, að þrátt fyrir kostnað þann, er vjer þegar höfum haft af nefndum sjóvarnargarði, og það án árangurs, þá þykir oss sjálfsagt að ganga ekki fram hjá hinni nýafstöðnu rannsókn á þessu mikla nauðsynjamáli, sem ekki þarf að lýsa frekar en þegar hefur verið gert. Þess vegna hefir nú á almennum hreppsfundi verið samþykkt að leggja enn á ný út í að endurbyggja og endurbæta hinn nefnda sjávargard og það að öllu leyti eftir tillögum verkfræðinganna, þó því að eins, að til þess fái styrkur úr landssjóði, að minsta kosti 6—7000 kr.; að öðrum kosti sjer hreppsfjelagið sjer ekki fært að leggja út í verkið. Enn fremur er það áskilið frá forráðamanni Einarshafnarverslunar, að hann fái leyfi frá eigendum verslunarinnar — en það hefir hann enn ekki fengið — til að leggja fram hennar hluta kostnaðarins«.

Af því að svo brýna og bráða nauðsyn ber til þess, að gardur þessi sje endurbygður, þá teljum vjer ekki áhorfsmál að taka þessum kostum, þó að þeir útheimti nokkuru meira framlag úr landssjóði en vjer höfðum gert ráð fyrir í áðurnefndu brjefi voru, dags. 13. f. m.; teljum þá enga frágangssök, þar sem viðreisn garðsins er engu síður í þágu almennings en landeigenda sjálfra, nema fremur sje.

Ef ekki verða samin fjárukalög á Alþingi nú í vetur, leyfum vjer oss virðingarfylst að leggja það til við hið háa Stjórnarráð, að í fjárukalagafrumvarp fyrir 1916 og 1917, sem lagt verður fyrir Alþingi næsta sumar, verði sett fjárveiting til viðreisnar sjógarðinum fyrir Einarshafnar- og Óseyrarneslandi, sem sje 6000 kr., og ef verkið kostar meira en 12000 kr., þá að auki helmingur þess, sem fram yfir er, alt að 7000 kr. alls. En ef fjárukalög verða gerð á Alþingi í vetur, þá óskum vjer, að fjárveitingu þessari verði komið þar að, til þess að fyrri verði farið að vinna að viðreisn garðsins.

Verði fjeð veitt og gardurinn endurbygður, sem vjer teljum óhjákvæmilegt, þá gerum vjer ráð fyrir, að verkfræðingi landsins verði falið að hafa yfirumsjón með verkinu«.

.....  
.....  
Guðmundur Helgason.

Eggert Briem.

Til  
stjórnarráðs Íslands.